

Sviðsmyndir fyrir stefnumörkun um miðhálandi Íslands vegna landsskipulagsstefnu 2013-2024

Formáli

Vinna við gerð landsskipulagsstefnu stendur nú yfir og liður í því ferli er mótun sviðsmynda til framtíðar vegna stefnu um skipulagsmál á miðhálandi Íslands. Þessar sviðsmyndir byggja á þeim gögnum sem nú liggja fyrir í ferlinu og afrakstri stefnumótunarvinnu innan Skipulagsstofnunar. Byggt er á samantekt samráðsfundar 3. febrúar 2012, *Svæðisskipulagi miðhálandis Íslands 2015* og áætlunum ríkisins á landsvísu. Einnig er stuðst við samantekt funda sem Skipulagsstofnun hélt um miðhálandið í nóvember og desember 2011.

Neðangreindum fimm sviðsmyndum er ætlað að draga fram helstu valkosti sem eru fyrir hendi í stefnumótun fyrir miðhálandið. Leitast er við að bera saman þessar ólíku sviðsmyndir með það að markmiði að lýsa og bera saman raunhæfa kosti og skerpa framtíðarsýn. Umræða um þessar sviðsmyndir er einnig innlegg í umhverfismat landsskipulagsstefnu. Þessar sviðsmyndir eru því hugsaðar sem grunnur að mótun landsskipulagsstefnu fyrir miðhálandi Íslands og við útfærslu stefnunnar mun verða stuðst við þau efnisatriði sem þar koma fram. Mikilvægt er að hafa í huga að einstakar sviðsmyndir verða ekki lagðar til grundvallar í heild sinni og líklegt má telja að sú framtíðarsýn sem verður ofan á innihaldi efnisþætti úr fleiri en einni sviðsmynd.

1. Óbreytt staða

Sviðsmynd til framtíðar þar sem ekki er gert ráð fyrir frekari vernd náttúru, landslags og menningarminja en nú er á miðhálandinu. Mörk þjóðgarða og friðlýstra svæða verði hin sömu og nú er og aðrar verndarheildir skilgreindar sem hverfisvernd í aðalskipulagsáætlunum sveitarfélaga. Skipulagsmál á miðhálandinu verði ekki samræmd og uppbygging taki mið af þegar staðfestum ákvörðunum í aðalskipulagi. Orkunýting og orkuflutningur verði með sama hætti og verið hefur og ekki verður ráðist í sérstakar aðgerðir eða uppbyggingu vegna fjölgunar ferðamanna. Samgöngumál verði í sama horfi og nú er.

2. Uppbygging miðuð við eftirspurn

Verndun náttúru, landslags og menningarminja

Sviðsmynd þar sem ekki er gert ráð fyrir frekari vernd náttúru- og menningarminja en nú er á miðhálandinu. Mörk þjóðgarða og friðlýstra svæða verði hin sömu og nú er og aðrar verndarheildir skilgreindar sem hverfisvernd í aðalskipulagi sveitarfélaga.

Orkunýting og orkuflutningur

Ný svæði verði tekin til orkuvinnslu en einnig leitast við að vinna frekari orku á þegar skipulögðum orkuvinnslusvæðum. Orkunýting og flutningur miði að því að uppfylla raforkuþörf, svo sem vegna uppbyggingar iðnaðar, í þeim landshluta sem virkjað er og eftir atvikum fjarri orkuvinnslusvæðum. Megin flutningsleiðir raforku liggi um miðhálandið.

Samgöngur, ferðaþjónusta og almennaréttur

Sviðsmynd þar sem byggt er á því að auka til muna aðgengi að miðhálandinu og litlar hömlur á notkun svæðisins til útivistar. Að byggt verði net uppbyggðra stofnvega um hálandið og öflugar þjónustumiðstöðvar í tengslum við það. Vöruflutningar milli landshluta fari fram að einhverju leyti um hálandisvegi. Gistirýmum fjölgar og framboð á fjölbreyttri þjónustu ræðst af eftirspurn. Allt miðhálandið verður mjög aðgengilegt og litlar hömlur á notkun svæðisins til útivistar. Aðgengi að einstaka svæðum ræðst meira af eftirspurn en markaðri stefnu.

Beitarmál á miðhálandinu

Staða beitarmála verður með svipuðum hætti og nú er og beit búfjár heimil þeim sem til þess hafa nýttarétt. Ekki verður um að ræða samræmda stýringu á nýtingu lands til beit, en eftir atvikum er beitartímanum stjórnað og beitt er ítölu ef þörf er á. Fjöldi búfjár, einkum sauðfjár er breytilegur milli ára.

3. Samræmd verndun og nýting - A

Verndun náttúru, landslags og menningarminja

Sviðsmynd til framtíðar þar sem gert er ráð fyrir að styrkja núverandi verndun og að myndaðar verði stórar verndarheildir á grundvelli friðlýsingar. Skilgreindar verði þrjár til fjórar samfelldar verndarheildir þar sem landnotkun verður samhæfð. Núverandi þjóðgarðar, svæði sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt lögum og hverfisverndarsvæði verði tengd saman og notkun lands stjórnað á samræmdan hátt. Innan verndarheilda verði skilgreind svæðisbundin ákvæði um gæðastig samgangna og aðgengi, uppbyggingu þjónustu og aðrar framkvæmdir.

Orkunýting og orkuflutningur

Gengið er út frá því að uppbygging í orkunýtingu verði á núverandi og þegar skipulögðum orkunýtingarsvæðum. Orkunýting og flutningur gangi ekki á gæði miðhálandisins að öðru leyti og orkan nýtt á sjálfbæran hátt. Megin orkuflutningsleiðir geta mögulega legið yfir miðhálandið á afmörkuðu beltum um miðbik hálandisins.

Samgöngur, ferðaþjónusta og almannaréttur

Skilgreindir verði tveir uppbyggðir stofnvegir yfir hálandið og um þá fari megin umferðin um hálandið. Út frá þessum stofnvegum verði skilgreint net annarra vega og slóða og öll umferð utan þeirra verði bönnuð. Ströng stýring verði á umferð ökutækja á snævi þöktu landi svo sem á jöklum en notkun þeirra beint á ákveðin afmörkuð svæði. Uppbygging gistirýmis verði í jaðri hálandisins og í byggð. Önnur uppbygging ferðamannastaða og þjónustu miði að því að dreifa álagi á miðhálandið, fremur en bregðast við þörf fyrir uppbyggingu á þegar skipulögðum þjónustusvæðum.

Beitarmál á miðhálandinu

Beitarmál verða með svipuðum hætti og nú er og beit búfjár er heimil þeim sem til þess hafa nytjarétt. Ekki er um að ræða samræmda stýringu á notkun lands til beitar, en eftir atvikum er beittartímanum stjórnað og beitt er ítölu ef þörf er á.

4. Samræmd verndun og nýting - B

Verndun náttúru, landslags og menningarminja

Sviðsmynd til framtíðar þar sem gert er ráð fyrir að styrkja núverandi verndun og að myndaðar verði stórar verndarheildir á grundvelli friðlýsingar. Skilgreindar verði tvær til þrjár samfelldar verndarheildir þar sem landnotkun verður samhæfð. Núverandi þjóðgarðar, svæði sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt lögum og hverfisverndarsvæði verði tengd saman og notkun lands stjórnað á samræmdan hátt. Innan verndarheilda verði skilgreind svæðisbundin ákvæði um gæðastig samgangna og aðgengi, uppbyggingu þjónustu og aðrar framkvæmdir.

Orkunýting og orkuflutningur

Gengið er út frá því að uppbygging í orkunýtingu verði einvörðungu innan núverandi og þegar skipulagðra orkunýtingarsvæða. Orkunýting og flutningur gangi ekki á gæði miðhálandisins að öðru leyti og orkan nýtt á sjálfbæran hátt. Megin flutningsleiðir raforku um landið verði utan hálandisins.

Samgöngur, ferðaþjónusta og almennaréttur

Skilgreindir verði tveir uppbyggðir stofnvegir yfir hálandið og um þá fari megin umferðin um hálandið. Út frá þessum stofnvegum verði skilgreindir stakir vegir og slóðar og öll umferð utan þeirra verði bönnuð. Skilgreind verði svæði þar sem umferð vélknúinna ökutækja verður bönnuð og ströng stýring verði á umferð ökutækja á snævi þöktu landi svo sem á jöklum en notkun þeirra beint á ákveðin afmörkuð svæði. Uppbygging gistirýmis verði í jaðri hálandisins og í byggð. Önnur uppbygging ferðamannastaða og þjónustu miði að því að draga úr álagi á miðhálandið, fremur en bregðast við álagi með aukinni uppbyggingu á þegar skipulögðum þjónustusvæðum.

Beitarmál á miðhálandinu

Búfjárbreit á miðhálandinu verði stjórnað með virkum hætti á grundvelli beitarþols landsins. Miðhálandinu verði skipt í skilgreind beitarhólf að þessu leyti og beitinni stjórnað með ítölu, beirtíma o.fl.

5. Verndarmiðuð nýting

Verndun náttúru, landslags og menningarminja

Sviðsmynd þar sem miðað er við að miðhálandið verði friðlýst í heild sinni og að þar verði reistar skorður við frekari uppbyggingu í samgöngum, ferðaþjónustu og flutningskerfa raforku og ekki verður um frekari orkunýtingu að ræða. Miðhálandið verður ein samfelld verndarheild og stofnaður verður þjóðgarður sem nær yfir allt svæðið.

Orkunýting og orkuflutningur

Engin frekari uppbygging í virkjunum og orkuflutningi á miðhálandi Íslands.

Samgöngur, ferðaþjónusta og almannaréttur

Skilgreindir verði einn til tveir stofnvegir yfir hálandið og um þá fari megin umferðin um hálandið. Út frá þessum stofnvegum verði svo skilgreint net annarra vega og slóða og öll umferð utan þeirra verði bönnuð. Allir vegir á hálandinu verði með lágum hönnunarhraða og hannaðir með tilliti til landslags svæðisins. Ströng stýring verði á umferð ökutækja á snævi þöktu landi svo sem á jöklum og eftir atvikum verði notkun þeirra beint á ákveðin svæði. Uppbygging gistirýmis verði í jaðri hálandisins og í byggð. Önnur uppbygging ferðamannastaða og þjónustu miði að því að stjórna álagi og aðgengi á miðhálandið, fremur en bregðast við þörf fyrir uppbyggingu á þegar skipulögðum þjónustusvæðum.

Beitarmál á miðhálandinu

Gengið er út frá því að beit búfjár verði bönnuð á miðhálandinu. Bannið nái undantekningarlaust til eldvirka beltisins og eftir atvikum til annarra hluta miðhálandisins ef ástand gróðurs gefur tilefni til.